

Mál nr. 195/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða í hringtorgi við Dalsmára 7.4.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V1, dags. 21.6.2017.

Bréf V2, dags. 6.7.2017

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna áreksturs bifreiðanna A og B í hringtorgi við Dalsmára. Þar kemur fram að bifreiðunum var ekið samhliða eftir Fífuhvamsvegi og inn í hringtorgið þannig að bifreið A var ekið á vinstri akrein, eða í innri hring hringtorgsins og bifreið B á hægri akrein, eða í ytri hring. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar bifreið A var ekið strax til hægri út úr hringtorginu en fyrirhuguð akstursstefna bifreiðar B var framhjá þeim útakstri og áfram að þeim næsta

M telur að umferð í innri hring hringtorgs eigi forgang við akstur úr hringtorgi auk þess sem hún hafi gefið stefnuljós til hægri áður en hún beygði áleiðis út úr hringtorginu og þannig hafi ökumanni bifreiða B mátt vera ljós akstursstefna hennar, auk þess árekstur hafi ekki orðið fyrr en hún var komin langleiðina út úr hringtorginu. Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji meginsök hvíla á ökumanni bifreiðar A þar sem hann hafi ekið út úr hringtorgi við fyrsta útakstur af vinstri akrein og þannig tekið hægri beygju á rangan hátt m.t.t fyrirmæla í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar komni fram að ökumaður skuli taka hægri beygju þannig að hann færi sig í tæka tíð á akrein sem er lengst til hægri og halda bifreið sinni sem mest til hægri á akbrautinni. Þetta hafi ökumaður bifreiðar A ekki gert réttilega. V telur að skipta eigi sök eftir venju sem V telur hafa skapast við svipaðar aðstæður þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar. Í tölvupósti V1 til nefndarinnar er einungis vísað til röksemda málskotsaðila og gagna málsins.

Álit.

Í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram hvernig haga skal akstri á gatnamótum þegar fyrirhugað er að taka hægri beygju. Í þeim lögum eru ekki sérstök ákvæði um akstur á hringtorgum og verður því að líta til ofangreindra ákvæða í 15. gr. vegna aðstæðna sem eru uppi í hringtorginu við Dalsmára. Ökumaður bifreiðar A (M) gætti þess ekki að velja þá akrein sem var lengst til hægri á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar hægri beygju strax á fyrstu gatnamótum. Í því felst sök af hálfu ökumanns bifreiðar A Hvað varðar háttsemi ökumanns bifreiðar B verður að líta til þess hvar árekstur verður og að honum bar einnig að sýna aðgát við akstur um gatnamótin. Með hliðsjón af öllum aðstæðum þessa tiltekna máls og röksemda hér að ofan verður sök skipt þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B beri 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 22. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.